

Fundargerð háskólaráðs

355. fundur mánudaginn 15. des. 2014

fundaherbergi 262, Borgum kl. 10.05 – 11.45

Rektor Eyjólfur Guðmundsson setti fund kl. 10.05 og bauð háskólaráðsfulltrúa velkomna.

Mættir voru auk hans:

Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins

Hjörleifur Einarsson fulltrúi háskólasamfélagsins

Berglind Ósk Guðmundsdóttir fulltrúi nemenda

Svanfríður I. Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs

Hjalti Jón Sveinsson varafulltrúi háskólaráðs

Aðrir mættir:

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors

Forföll: Kristín Ástgeirsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra

Rektor setti fund og kynnti dagskrá.

1. Fundargerð síðasta fundar, mál til kynningar

Fundargerð 354. var borin upp og samþykkt.

- Nansensstaðan. Rektor kynnti nýjar áherslur við ráðningu rannsóknarprófessors í norðurslóðafræðum fyrir árið 2015. Auglýst verður eftir gestaprófessor með rannsóknarskyldu við HA.

2. Rekstraráætlun HA 2015

Ólafur Halldórsson sat fundinn undir þessum lið.

Greindi hann frá því að rekstrarniðurstaða ársins 2014 verður innan áætlunar.

Kynnti Ólafur drög að rekstraráætlun 2015 án undirstofnana og greindi frá helstu forsendum. Rekstraráætlun verður tilbúin til samþykktar í þessari viku.



Rektor greindi frá framlagi til HA á fjárlögum Alþingis fyrir árið 2015. Háskólaráð samþykkti eftirfarandi ályktun vegna fjárheimilda háskólans í fjárlögum ársins 2015:

„Háskólaráð Háskólans á Akureyri lýsir yfir áhyggjum sínum með hlutdeild skólans í núverandi frumvarpi til fjárlaga 2015.

Það skýtur skökku við, að á sama tíma og Háskólinn á Akureyri hefur uppfyllt allar opinberar gæðakröfur, sýnt mikla ráðdeild í rekstri og greitt upp að fullu hallarekstur fyrri ára, þá skuli skólinn ekki njóta þessar þegar kemur að því að fjármagn sé aukið til háskólastigsins að nýju – en aukning á fjármunum til háskólanna allra er grundvöllurinn að auknum hagvexti í framtíðinni, eins og fram kemur í yfirlýsingu allra rektora háskóla á Íslandi í nóvember síðastliðnum.

Háskólinn á Akureyri er með í dag rúmlega 100 nemendaígildi umfram fjárveitingar og allt stefnir í að sá munur aukist á næsta ári. Án aukningar í fjárframlögum, umfram þá lágmarksaukningu sem komin er nú þegar vegna kostnaðarhækkana, er ljóst að takmarka verður aðgengi nemenda að námi á haustmíssi 2015 sem og takmarka námsframboð.

Háskólaráð lýsir yfir furðu sinni á þeirri stöðu sem upp er komin, að takmarka verði aðgengi og námsframboð við stærsta háskóla landsins utan höfuðborgarsvæðisins (og þriðja stærsta háskóla landsins), á sama tíma og skólar á höfuðborgarsvæðinu fá greitt fyrir umframnemendur síðustu ára. Þykir þetta ganga í berhöggi við stefnu núverandi ríkisstjórnar um eflingu allrar landsbyggðarinnar. Þá er gengið gegn þeirri augljósu þörf á að auka menntun utan höfuðborgarsvæðisins sem fram kemur í frétt Hagstofunnar þar sem meðal annars er leitt í ljós að 24,7% íbúa dreifbýlisins á aldrinum 25- 64 ára hafi háskólamenntun á mót 42,3% íbúa í sama aldurshópi á höfuðborgarsvæðinu.

Háskólinn á Akureyri hefur þjónað landinu öllu í gegnum öflugt fjarnám og unnið mikið brautryðjendastarf á því sviði. Háskólaráð Háskólans á Akureyri beinir því til stjórnvalda, að endurskoða lokatillögur sínar um útteilingu fjármuna til háskólastigsins, og að Háskólanum á Akureyri verði gert kleift að viðhalda þeirri stefnu, að bjóða landsmönnum öllum upp á öflugt fjarnám í sinni heimabyggð.

MS
AG
HA

Það óréttlæti, sem fram kemur í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2015 eins og það liggur fyrir í dag, hefur mælst illa fyrir víða í samfélaginu. Háskólaráð þakkar sérstaklega öllum þeim aðilum sem sýnt hafa skólanum stuðning í formi ályktana í baráttunni fyrir því að þessi misskipting, sem er með öllu óréttmæt, verði leiðrétt.“

3. Ráðning forseta viðskipta- og raunvísindasviðs

1410004

Rektor kynnti umsögn deildafundar viðskipta- og raunvísindasviðs frá 27. nóvember.

Hann mun ganga til samninga við Ögmund Knútsson um ráðningu hans í stöðu forseta fræðasviðsins næstu tvö árin. Háskólaráð staðfesti það.

Rektor mun leggja til að starfstími forseta fræðasviða verði lengdur með breytingu á reglum HA í upphafi næsta árs.

4. Samstarf um nám í tölvunarfræðum (frá síðasta fundi), nýtt námsframboð

1409024

Rektor greindi frá möguleikum á samstarfi við HÍ annarsvegar og HR hinsvegar.

Háskólaráð samþykkti að rektor þróaði áfram hugmyndir að samstarfi við HR til að unnt sé að bjóða upp á námið sem fyrst.

5. Reglur fræðasviðanna um doktorsnám, til samþykktar

1211055

Reglurnar voru samþykktar.

6. Umsókn um heimild til að bjóða upp á doktorsnám við HA

1302059

Rektor kynnti háskólaráði stöðu mála. Stefnt er að því að háskólaráð samþykki umsóknina á janúarfundi. Ákveðið var að halda fundinn 16. janúar á bilinu kl. 14-16. Meginefni hans verður yfirlit yfir verkefni sem háskólaráð hefur beitt sér fyrir síðustu tvö árin.

Berglind Ósk fór af fundinum.


7. Jólaboð starfsfólks 18. des.

1410048

Rektor sagði frá jólaboðinu og bauð háskólaráðsfulltrúum.

8. Önnur mál

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11.45.



Helma Björnsdóttir
Berglind úk. Svímundeláttit
Höfðunon
Svanhjarnd.